

HÚSÖNDIN

57.tbl. 2.árg.
3.apríl 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA

4-10. APRÍL

5.4 *Sigrún Jóhannsdóttir*

8.4 *Ingi Þór Yngvason, Pétur Bjarni Gíslason*

9.4 *Sigrún Arna Jónsdóttir*

10.4 *Guðrún María Valgeirsdóttir*



Slysavarnadeildin Hringur

Aðalfundur verður haldinn mánudaginn 8.apríl kl.20:00
í húsi deildarinnar að Múlavegi 2.

Aðalfundarstörf
Önnur mál

Nýjir félagar velkomnir.
Kaffiveitingar í boði.

Stjórnin



Landgræðslan - sumarstarf

Um er að ræða eitt starf við viðhald girðinga á starfssvæði Landgræðslunnar á Norðurlandi, staðsett í Mývatnssveit. Nánari upplýsingar veitir Daði L. Friðriksson héraðsfulltrúi, dadi@land.is eða í síma 856 0239.

Hæfni:

- Stundvísi, ábyrgð, þjónustulund og snyrtimennska skilyrði.
- Bílpróf er skilyrði.

Um er að ræða 100% stöðu sem henta hvort sem er konum eða körlum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í maí. Umsókn skal fylla út rafrænt á Starfatorgi eða á heimasíðu Landgræðslunnar [land.is](http://land.is/storf-i-bodi/), <http://land.is/storf-i-bodi/>.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl næstkomandi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

Landgræðslan er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Konur og krabbamein - hugsum um heilsuna !

Boðunarbréf frá leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur nú borist konum sem ráðlagt er að koma til krabbameinsskoðunar sem fer fram á heilsugæslustöð HSN á Húsavík dagana 8.-12. apríl.

Tekið er við tímapöntunum fyrir þær sem fengið hafa boðunarbréf í síma 464-0501 kl. 10:30-12 og 14-16 til 5. apríl.

Alexander Smáráson kvensjúkdómalæknir sér um leghálsskoðanir.

Öllum konum á aldrinum 40-69 ára stendur til boða skimun fyrir brjóstakrabbameini. Skimunin fer fram með röntgenmyndatöku á tveggja ára fresti.

Öllum konum á aldrinum 23-65 ára stendur til boða skimun fyrir leghálskrabbameini. Skimunin felst í því að tekið er frumustrok frá leghálsi á þriggja ára fresti.



Hvað segir brjóstvitið þér?

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið hjá íslenskum konum. Ein af hverjum níu fær brjóstakrabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni.

 **Hlustaðu á brjóstvitið og komdu í skoðun.**




OPNUNARTÍMI UM PÁSKA, Í APRÍL & Í MAÍ 2019 Í ÍMS

Opnunartími um hátíðarnar fyrir þá sem eru ekki með Lykilkort:

Skírdagur	18.apríl	LOKAÐ/CLOSED
Föstudagurinn Langi	19.apríl	LOKAÐ/CLOSED
Laugardagur	20. apríl	10:00 – 16:00
Páskadagur	21.apríl	LOKAÐ/CLOSED
Annar í Páskum	22.apríl	LOKAÐ/CLOSED
Sumardaginn fyrsti	25.apríl	LOKAÐ/CLOSED
Verkalýðsdagurinn	01.maí	LOKAÐ/CLOSED
Uppstigningardagur	30.maí	LOKAÐ/CLOSED

Opening hours at the Sport Center for members without access cards over Easter in April and May 2019 @ ÍMS





LEIRHAUSINN

eftir Starra í Garði

UPPTAKA FRÁ 1982

SÝNING 17. APRÍL 2019

KLUKKAN 20:00

SKJÓLBREKKA

ath. aðeins þessa eina sýning

LEYNIGESTUR
VERÐUR Á
STAÐNUM

FRÍTT INN EN TEKID
VERÐUR VIÐ FRJÁLSUM
FRAMLÖGUM TIL STYRKAR
LEIKLISTARDEILDAR
MÝVETNINGS



FORELDAFÉLAG
SKÓLANNA Í
MÝVATNSSVEIT



LOGN



Landbúnaður og náttúruvernd

Kynningar- og vinnufundur fyrir bændur og landeigendur á landbúnaðarsvæðum í Suður-Þingeyjarsýslu, verður haldinn að Kiðagili í Bárðardal 11. apríl nk. kl. 12:00 – 15:00.

LOGN er vinnuheiti á verkefninu „Landbúnaður og náttúruvernd“ sem er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem hefur gert samning við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um að vinna verkefnið.

Markmið og tilgangur verkefnisins er að greina tækifæri og ávinning af samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar.

Tilgangur fundarins er að kynna verkefnið og fá viðbrögð frá bændum og landeigendum. Á fundinum verður verkefnið vel kynnt, auk þess sem flutt verða erindi um náttúruvernd og settar upp vinnustofur. Við köllum eftir staðbundinni þekkingu og samráði.

Fundurinn er öllum opinn og við hvetjum fólk til að mæta og taka þátt í þróun verkefnisins.

Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu RML, www.rml.is eða síma 516 5078.

Boðið verður upp á súpu og brauð í hádeginu

Páskaeggjaleit fjölskyldunnar!



Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur hina árlegu Páskaeggjaleit laugardaginn 20. apríl frá kl.11:00 – kl.12:00. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem leitað er að páskaeggjum sem hafa verið falin í nágrenninu. Í lokin er svo happdrætti fyrir alla skráða þátttakendur.

- Páskaeggjaleit - happdrætti
- Koma saman og hafa gaman
- Páskaegg falin í nágrenninu
- Skráning kl 10:30 - lagt af stað í páskaeggjaleit kl: 11:00

Starfsfólk ÍMS.

Family Easter Hunt Fun!

Skútustaða Sports Center's yearly Easter Hunt will take place on Saturday 20 April at 11.00am. Great fun for everyone. Participants participate in an Easter Egg hunt, where a few eggs are hidden around the neighbourhood!! A draw will take place with the names of those who register.

- Easter egg hunt – Easter draw
- Come together and have some fun
- Eggs hidden nearby and around the neighbourhood
- Registration starts at 10.30 am – the hunt commences at 11:00

Registration takes place at ÍMS at 10.30 am

Staff ÍMS






Sigfús á Bjargi varði titillinn og hreppti Snaga mánaðarsins fyrir mars, annan mánuðinn í röð.

Við óskum Sigfúsi hjartanlega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá hvernig baráttan verður í apríl – en það er síðasti keppnismánuður fyrir sumarfrí Snagans.

Snagakveðja úr Jarðböðunum!



Viðbygging við leikskóla Krossmúli – Mývatnssveit



Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í viðbyggingu við leikskóla.

Um er að ræða viðbyggingu við núverandi leikskóla að Krossmúla í Reykjahlíð í Mývatnssveit.

Verkið er tvíþætt, bygging timburhúss (80m²) á steiptum sökklum og plötu, og endurbætur á núverandi leikskólahúsnæði.

Húsið er aðlagð núverandi byggingum. Samhliða stækkun er farið í endurbætur á núverandi leikskóladeild, sem felur í sér rif og uppsetningu nýrra léttra innveggja, kerfisloft, innihurðir, nýjan inngang (steypusögun), auk lagna.

Húsið er fullfrágengið til innréttingar.

Helstu tölur:

- Steipt sökkulplata.....69 m²
- Sökklar.....32 lm
- Berandi útveggir.....46 m²
- Berandi innveggur.....45 m²
- Rif léttir innveggir.....38 m²
- Smíði léttra innveggja.....86 m²
- Þak (byggist yfir núverandi byggingu).165 m²
- Rif þakklæðning á núverandi þaki.....87 m²

Verkinu skal að fullu lokið innandyra 15.ágúst 2019 ,og að utan 1.september 2019

Rafræn gögn verða aðgengileg frá kl.14:00, 8.apríl 2019 og áhugasamir beðnir um að hafa samband við umsjónaraðila með tölvupósti á faglausn@faglausn.is varðandi afhendingu gagna.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, Reykjahlíð eigi síðar en 23.apríl 2019, klukkan 14:00 og þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Höfundur
Jim Cartwright

Leikstjóri
Vala Fannell

Síðustu sýningar

Miðapantanir:

www.leikfelagid.is

midi@leikfelagid.is

eða í síma 464 1129

2 tíma fyrir sýningar.

Föstudag, 5.apríl kl.20:00

Föstudag, 12.apríl kl.20:00

Föstud. langa, 19.apríl kl.20:00

Laugardag, 20.apríl kl.20:00

Geymið miðann og
njótið tilboða hjá:

- * Fosshótel Húsavík
- * Salka Restaurant
- * Húsavík Öl

Fullt verð 3.000
börn/afsl. 2.000

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksýningu til að njóta afsláttar.



Menningarfélagið Gjallandi

Aðalfundur verður haldinn 10.apríl klukkan 20:00 í sal Jarðbaðanna
Venjuleg aðalfundarstörf og líflugar umræður um menningarstarf í
Mývatnssveit.

Hvetjum sem flesta til að mæta og taka þátt í starfinu með okkur.

kær kveðja,

Stjórn Gjallanda